

Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Batterið arkitektar ehf.
Sigurður Einarsson arkitekt
Sigurður Harðarson arkitekt
Hvaleyrarybraut 32, 220 Hafnarfirði.

Reykjavík, 22. mars 2017
Tilvísun: 2651 / 201703-0023

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

Aðalgötu 23
550 Sauðárkróki

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280


Austurgata 12, Hafnarfirði, snúningur hússins


Í tölvupósti 22. mars 2017 óskar Sigurður Harðarson arkitekt eftir álitum Minjastofnunar á því hvort rétt sé að snúa húsinu við Austurgötu 12 í tengslum við hliðrun þess á lóðinni. Tilefni fyrirspurnarinnar er ákvæði í gildandi skipulagi frá 1982 er gert ráð fyrir að húsinu verði snúið þannig að framhlið þess vísi að Austurgötu í stað Strandgötu.

Minjastofnun hefur nýverið fjallað um tillögu að endurbyggingu Austurgötu 12 og flutning þess innan lóðar í umsögn frá 8. mars 2017. Veitt var heimild til að flytja húsið til innan lóðar og endurbyggja það samkvæmt tillögum Batterísins arkitekta. Í tillögunni sem samþykkt var ekki gert ráð fyrir snúningi hússins, en framhlið þess hefur alla tíð snúið undan brekku, á móti sól og hafi. Seinni tíma bygging við Strandgötu frá 7. áratug 20. aldar byrgir vissulega sýn á framhlið hússins en með fyrirhugaðri hliðrun þess innan lóðar fær gamla húsið aukið andrými. Veigamikið söguleg og umhverfisleg rök eru fyrir því að Austurgata 12 snúi áfram eins og það hefur alla tíð gert. Þau skipulagsákvæði sem mæla fyrir snúning hússins er frá því fyrir setningu núgildandi laga um menningarminjar nr. 80/2012 og bera þess mark að vera börn síns tíma.

Minjastofnun Íslands heimilar ekki snúning hússins við Austurgötu 12 í tengslum við endurbyggingu þess og tilflutning innan lóðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis


Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :

Sigurður Einarsson (sig.e@arkitekt.is)

Sigurður Harðarson (siggih@arkitekt.is)

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kæranlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.